

- 135** ársvexti sjóðsins lagður við hann, en $2\frac{1}{25}$ vaxtarins varið samkvæmt ákvæðum 3. gr. 15. júlí Skál svo gert þaðan í frá, þó með þeirri undantekningu, að öllum ársvexti sjóðsins 1962 skal úthlutað þann 14. nóv. 1963 og slikt hið sama hundraðasta hvert ár eftir það. Við úthlutun styrksins, eða láns, hefir stjórn sjóðsins skóla- stjóra gagnfræðaskólans (sbr. 3. gr.) í ráðum með sér.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins hefir endurgjaldslaust á hendi stjórn hans, og ber henni að sjá um, að tilgangi sjóðsins verði sem bezt náð. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

7. gr.

Staðfestingar konungs skal leitað á skipulagsskrá þessari svo breyttri. Má aldrei breyta aðalefni hennar né tilgangi sjóðsins, en þá breytingu, er við hér höfum gert á skipulagsskránni frá 1917 höfum við gert samkvæmt heimild í 5. gr. hennar.

Fyrir hönd stofnendanna.

Reykjavík, 19. apríl 1939.

Ísafirði, 28. apríl 1939.

Guðmundur Bergsson.

Elías J. Pálsson.

- 136** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jón Ólafssonar frá 17. júlí Sumarliðabæ“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 17. júlí 1939 af dóms- og kirkjumálaráðherra. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

minningarsjóðs Jóns Ólafssonar frá Sumarliðabæ.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jón Ólafssonar, bankastjóra og alþingis- manns frá Sumarliðabæ, er var framkvæmdarstjóri H.f. Alliance í 20 ár og var fæddur að Sumarliðabæ í Holtum 16. október 1869, dáinn 3. ágúst 1937.

Stofnendur sjóðsins eru H. f. Alliance og starfsmenn þess bæði á landi og sjó.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 í peningum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við höfuðstól- inn, ásamt því er sjóðnum kann að bætast á annan hátt þar til hann er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur —. Úr því má verja hálfum ársvöxtum til styrkt- ar samkvæmt skipulagsskrá þessari, en aldrei skal leggja minna en hálfa ársvexti við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krón- ur —. Má þá verja allt að $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxta til styrktar samkvæmt skipulagsskrá þessari, en þó skal aldrei leggja minna en $\frac{1}{4}$ hluta ársvaxta við höfuðstólinn, hversu mikill, sem sjóðurinn kann að verða.

4. gr.

Fyrir stofnfé sjóðsins skulu keypt veðdeildarbréf, eða önnur jafn vel tryggð verðbréf, er eigi gefa lægri vexti. Það, sem sjóðnum kann að áskotnast með gjöfum eða á annan hátt svo og vextir, skal ávaxtast í sparisjóði Útvegsbanka Ís-

lands, h.f. þar til upphæðin er orðin nægileg til þess að kaupa fyrir hana veðdeildarbréf eða önnur jafn vel tryggð verðbréf. **136**

17. júlí

Jafnóðum og hvert veðdeildarbréf sjóðsins er útdregið, skal andvirði þess varið til kaupa á nýjum veðdeildarbréfum, eða öðrum jafn vel tryggðum verðbréfum.

Sá hluti ársvaxtanna, er kemur til úthlutunar árlega, skal ávaxtaður á innláns-skirteini í Útvegsbanka Íslands, h.f.

5. gr.

Veðdeildarbréf sjóðsins skulu geymd í Útvegsbanka Íslands, h.f. í Reykjavík, þar til þau eru útdregin.

Hvert veðdeildarbréf sjóðsins (eða verðbréf) skal nafnskrá í bókum bankans og á þau ritað að eigi sé leyft að afhenda neitt þeirra né kvitta, nema með vitund og samþykki allrar stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er: að styrkja ekkjur eða munaðarleysingja efnalitilla manna, er farast kunna á útvegi Alliancefélagsins og þeim skipum, sem eru undir stjórn þess, svo og þeirra manna, er vinna í þágu félagsins á sjó eða landi og verða fyrir slysförum og þurfa styrks með.

Fjölskyldumenn ganga jafnan fyrir að öðru jöfnu við styrkveitingar úr sjóðnum og eldri starfsmenn fyrir yngri.

7. gr.

Nú skyldi koma fyrir eitt eða fleiri ár, sem enginn styrkþurfi er hjá félaginu að álitum sjóðstjórnar, leggjast þá allir vextirnir við höfuðstólinn, en heimilt er þó að veita seinna allt að helmingi þeirrar upphæðar, sem ekki hefir verið úthlutað á undanfögnu ári eða árum, ef ástæður þykja að álitum sjóðstjórnar, umfram þann hluta af vöxtum þess árs, sem ætlaður er til styrkveitinga.

8. gr.

Enginn nýtur styrks úr sjóðnum lengur en eitt ár í senn. Þó skal stjórn sjóðsins heimilt að veita sama styrkþega styrk lengur ef ástæða þykir til og eigi eru verðugri nýir styrkþegar.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa fimm menn: Framkvæmdarstjóri H.f. Alliance, sem er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar, starfandi skipstjórnar hjá Alliance og þeim félögum er það hefir umsjón með, kjósa tvo menn úr sínum hópi, en þessir þrír menn kjósa einn fastan starfsmann hjá Alliance og einn starfandi prest í Reykjavík.

Kosning stjórnarmeðlima gildir til þriggja ára í senn og skal formaður ávallt sjá um að kosið sé eigi síðan en 1. apríl það ár, sem kjörtímabil sjóðstjórnarinnar er útrunnið. Einn varamaður í stjórn skal kosinn á sama hátt.

Flytji einhver stjórnarmeðlimur úr Reykjavíkurbæ eða deyi, skal formaður sjá um að eigi líði lengur en 3 mánuðir þar til annar réttkjörinn meðlimur kemur í stjórnina í hans stað, og má stjórnin engar ráðstafanir gera viðvikjandi sjóðnum nema að stjórnin sé fullskipuð á hverjum tíma.

Enginn stjórnarmeðlimur fær þóknun fyrir starf sitt í þágu sjóðsins.

10. gr.

Verksvið sjóðstjórnarinnar er að hafa umsjón með fjárreiðum sjóðsins, ákveða og sjá um úthlutun styrks, og reikningshald sjóðsins.

- 136** Skál hún koma saman svo oft sem nauðsyn krefur, og eru ákvarðanir hennar
 17. júlí því að eins bindandi gagnvart sjóðnum, að allir stjórnarmeðlimir séu mættir.
 Formaður kallar saman stjórnarfundi.

11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans uppgerðir árlega fyrir febrúarmánaðarlok og þá komnir til endurskoðenda, en þeim ber að hafa endursent reikningana til sjóðstjórnarinnar með athugasemdum sínum fyrir marzmánaðarlok, og má þá úthluta styrk úr sjóðnum samkvæmt 3. grein.

12. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera tveir, annar starfsmaður hjá H.f. Alliance og hinn löggiltur endurskoðandi. Skulu þeir gæta þess að fyrirmælum skipulagsskrár þessarar sé fylgt, auk þess sem þeir athuga reikningshald sjóðsins og fullvissa sig um sjóðseignina.

13. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa samkvæmt 3. grein.

14. gr.

Hætti Alliance-félagið störfum, skal sjóðurinn falla undir umsjón Slysavarnafélags Íslands og styrkur úr honum veittur ekkjum og munaðarleysingjum efna-litilla manna er farast af togurum frá Reykjavík, enda sé fylgt fyrirmælum skipulagsskrár þessarar eftir því sem við á.

15. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 29. júní 1939.

- 137** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Ingibjargar Ísleifs-
 18. júlí dóttur Finsen og Ólafs Finsen, héraðslæknis á Akranesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 18. júlí 1939 af dóms- og kirkjumálaráðherra.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Ingibjargar Ísleifsdóttur Finsen og Ólafs Finsen,
 héraðslæknis á Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Ingibjargar Ísleifsdóttur Finsen og Ólafs Finsen, héraðslæknis á Akranesi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af þeim hjónum á fjörutíu ára starfsafmæli hans, sem héraðslæknis á Akranesi, hinn 13. janúar 1934, með því fé, er héraðsbúar færðu þeim sem heiðursgjöf í minningu starfsafmælis hans.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er nú kr. 1785.05 — seytján hundruð áttatíu og fimm krónur og 05/100 —, sem ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.